HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
266. fundur heilbrigðisnefndar 31. maí 2021

# Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 31. maí 2021. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar, sem ritaði fundargerð.

## Skipulagsmál

*1.1. Vatnsendahvarf, skipulagslýsing*
Lagt fram erindi frá Umhverfissviði Kópavogsbæjar dags.3.05.2021 þar sem óskað er eftir umsögn heilbrigðiseftirlitsins á skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags í Vatnsendahvarfi. Skipulagslýsingin nær yfir óbyggt svæði á Vatnsendahæð þar sem gert er ráð fyrir íbúðabyggð.
*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.*

*1.2. Endurskoðun á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024.*
Tillaga að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 var lögð fram á fundi heilbrigðisnefndar 26.04.2021. Heilbrigðisnefnd fól framkvæmdastjóra að koma á framfæri ábendingum í samræmi við umræður á fundinum. Umræður voru í samræmi við fyrri bókanir um mikilvægi vatnsverndar og ítrekar heilbrigðisnefnd þær athugasemdir í greinagerð.
*Heilbrigðisnefnd leggur sérstaka áherslu á að stærsti hluti vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins er í lögsögu Kópavogs. Mikilvægt er að allar ákvarðanir um landnot eða framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðisins séu á forsendum vatnsverndar.*
*Losun úrgangsefna eins og fram fer í Bolöldu er skilgreind sem mengandi starfsemi og telst óheimil innan vatnsverndarsvæðisins.*
*Vakin er athygli á að ekki hafa verið teknar endalegar ákvarðanir um áframhaldandi uppbyggingu við Þríhnúkagíg og mikilvægt sé að allar framkvæmdir á svæðinu verði á forsendum vatnsverndar og þar verði unnið ítarlegt áhættumat áður en framkvæmdir hefjast.*
*Þá kemur fram í greinagerð með Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 að á Sandskeiði verði rekinn flugvöllur fyrir svifflug. Mikilvægt er að það komi skýrt fram að flugvöllurinn sé samkvæmt mengunarvarnarreglugerðum, skilgreindur sem flugvöllur án aðstöðu til að afgreiða eldsneyti á flugvélar.*

*1.3. Deiliskipulag Arnarnesvegur 3. áfangi*
Með erindi dags. 26. apríl 2021 óskar skrifstofa skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar eftir umsögn heilbrigðisnefndar um skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags fyrir þriðja áfanga Arnarnesvegar. Boðuð framkvæmd er innan lögsögu bæði Kópavogs og Reykjavíkur sem hafa ásamt Vegagerð ríkisins unnið saman tillögu að breytingu á eldra skipulagi. Á árinu 2020 veitti heilbrigðisnefnd umsögn til Skipulagsstofnunnar þar sem fram kom að nefndin taldi ekki þörf á að boðuð breyting á deiliskipulagi þyrfti að fara í umhverfismat.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við skipulagslýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags. Nefndin vill þó árétta að við hönnun og gerð þarf að huga sem best að öllum hljóðvörnum til að lágmarka hávaða í umhverfi vegar og brúar ásamt því að huga sem best að öryggi vegfarenda. Jafnframt vekur nefndin athygli á nauðsyn þess að þveranir milli hverfa séu skipulagðar til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og m.a. hafa í huga nýtt hverfi sem fyrirhugað er að reisa á svæðinu.*

*1.4. Breyting á aðalskipulagi 2013-2025 Hafnarfjarðar, Frístundabyggð F1- Sléttuhlíð og Klifsholt.*

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðarbæjar dags.10.05.2021 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á breytingum á aðalskipulagi 2013-2025 er varðar uppland Hafnarfjarðar, breyting á skilmálum fyrir frístundabyggð – Sléttuhlíð og Klifsholt.
*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu, en vekur athygli á að frístundabyggðin í Sléttuhlíð er innan græna trefilsins sem er samfellt útivistar og skógræktarsvæði sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu. Það er því mikilvægt að almenn umferð fólks um svæðið verði ekki takmörkuð með frekari mannvirkjagerð.*

*1.5. Breytt aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 og breyting á deiliskipulagi Hraunsholts Vestra (Ásahverfi) vegna Brekkuáss*

Lagt fram erindi Arinbjörns Vilhjálmssonar skipulagsstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Garðabæjar þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breyttrar landnotkunar við Brekkuás þar sem svæði skilgreint fyrir samfélagsþjónustu er breytt í svæði fyrir íbúðabyggð og breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi).
*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugsemdir við breytingu aðalskipulags og breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts.*

*1.6. Uppbygging á íþróttasvæði Hauka*

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun dags.19.04.2021 er varðar áform um uppbygginguá íþróttasvæði Hauka að Ásvöllum í Hafnarfirði. Óskað er álits heilbrigðisnefndar á matsskyldufyrirspurn í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum. Með fyrirspurninni fylgir greinargerð VSÓ ráðgjafar dagsett í febrúar 2021.
Tillaga að nýju deiliskipulagi felur í sér m.a. breytta staðsetningu mannvirkja og er staðsetning knattspyrnuhúss sem kann að hafa áhrif á niðurstöðu um matsskyldu.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir greinagerð heilbrigðiseftirlits sem sent var Skipulagsstofnun dags. 7. maí 2021. Í umsögninni kemur m.a. fram að það eru einkum þrír þættir er eingöngu varða friðlýsta svæði Ástjarnar sem heilbrigðisnefnd hefði talið að framkvæmdaraðili þyrfti að hafa í huga og eiga svör við, þegar lögð er fram matskyldufyrirspurn um nefnda áformaða framkvæmd á mörkum friðlýsta svæðisins. Það er hugsanleg áhrif framkvæmdar á lekt hraunstíflunnar sem heldur uppi grunnvatnsborði Ástjarnar, um skuggaáhrif mannvirkisins á Ástjörn og friðlýsta svæðið og loks um áhrif framkvæmdar og væntanlegur rekstur mannvirkja til framtíðar á friðlýsta svæðið og þá um leið ekki síst hugsanlegar mótvægisaðgerðir. Aðgerðir sem hægt væri að grípa til, til að vega á móti fyrirsjáanlegum neikvæðum áhrifum á friðlýst svæði sem bærinn ber ábyrgð á.*
*Að mati heilbrigðiseftirlitsins veldur það ákveðnum vonbrigðum hvað lítið er fjallað um þungamiðju framkvæmdanna þ.e. að flytja fjölnota knatthús að mörkum friðlýsta svæðisins og hvaða áhrif það hefur á friðlýsta svæðið og hvaða mótvægisaðgerðir eru mögulegar. Ýmsir hnökrar hafa verið á framkvæmd friðlýsingar Ástjarnar og hefur verið bent á í skýrslu*



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

*heilbrigðiseftirlitsins frá 2019 (Vöktun á yfirborðsvatni í Hafnarfjarðarbæ. Ástjörn og lækir í Hafnarfirði, höf. Sunna Hrund Sverrisdóttir) að hægt væri að finna ýmiss atriði til mótvægis, s.s. að girða af Ástjörn og loka fyrir aðkomu á varptíma og setja upp fræðslu- og leiðbeiningaskilti til að upplýsa um lífríki svæðisins.*

*Að mati heilbrigðiseftirlitsins svarar greinagerð VSÓ ekki öllum þeim áleitnu spurningum sem nauðsynlegt er að skoða og því sé matsfyrirspurnin vanreifuð.*

## Starfsleyfi

### Garðabær

*2.1 Hliðsvegur 1, Garðabær – hótel- og veitingastaður*

Lögð fram umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar, f.h. Fjörukráin ehf., kt. 640295-2529, dags. 14.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hótel- og veitingastað að Hliðsvegi 1, Garðabæ. Fasteignanr. 200850. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.2 Langalína 7, Garðabær – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Ingibjargar Lárusdóttur, f.h. Dialogos ehf., kt. 470521-0820, dags. 18.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili starfseminnar er að Löngulínu 7, Garðabæ. Ný starfsemi. Dreifing frá Vöruhýsingu Samskipa.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerðareglugerða er starfsleyfi samþykkt.*

### Hafnarfjörður

*2.3 Dalshraun 10, Hafnarfjörður – félagsmiðstöð*

Lögð fram umsókn Geirs Bjarnasonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579 dags. 06.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir félagsmiðstöð að Dalshrauni 10, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074321. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 28.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*2.4 Dalshraun 13, Hafnarfjörður – dreifing matvæla/matvöruverslun*

Lögð fram umsókn Marcin Rosiak., f.h. Global Germany ehf., kt. 521218-0370 dags. 23.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.
Fasteignanr. 2074338. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 12.05.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 12.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

*2.5 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður - samkomusalur*

Lögð fram umsókn Geirþrúðar Guttormsdóttur, f.h. 7. Hæðin ehf., (E&S 102 ehf ) kt. 590421-0730, dags. 05.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr.2223466. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.05.2021.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

*2.6 Hraunvangur 7, Hafnarfjörður - hárgreiðslustofa*

Lögð fram umsókn Guðrúnar Harðardóttur, kt. 160667-4439, dags. 17.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Hraunvangi 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074920. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 28.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*2.7 Hringhella 9, Hafnarfjörður - spennaviðgerðir*

Lögð fram umsókn Kristjóns Sigurðssonar kt.300645-4969 f.h. Rafal ehf. kt.611290-1019 dags. 27.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmiðnarverkstæðis, spennaviðgerðir að Hringhellu 9, Hafnarfirði. Endurnýjun.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttar- og mengunarreglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára a lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.8 Hjallabraut 51, Hafnarfjörður - gisting*

Lögð fram umsókn Guðrúnu Ástu Gunnarsdóttur, f.h. Ferðbúinn ehf., kt. 630293-3329, dags. 17.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í skátaheimilinu Hraunbyrgi að Hjallabraut 51, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2236431. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

*2.9 Norðurbakki 1, Hafnarfjörður - bakarí/veitingahús ABB*

Lögð fram umsókn Davíðs Magnússonar, f.h. Brikk, Brauð útgerð ehf., kt. 570317-0830, dags. 04.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís/veitingastaðar að Norðurbakka 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.2292613. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.05.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.05.2021.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

*2.10 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður – veitingastaður*

Lögð fram umsókn G. Öglu Jónsdóttur f.h. Joe Island ehf., kt. 520613-1450 dags. 19.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.
Fasteignanr. 2078638. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.05.2021.



SMG

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.11 Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður – hótel*

Lögð fram umsókn Braga Hinriks Magnússonar f.h. Hótel Hraun, Salomon Gustavson ehf., kt. 470617-1440 dags. 12.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hótel að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði.
Fasteignanr. 2301250, 2078688, 2078687, 2226785, 2226784, 2078684. Eigendaskipti.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.12 Strandgata 75, Hafnarfjörður - veitingastaður*

Lögð fram umsókn David Anthony Noble, f.h. Pallett ehf., kt. 460521-1490, dags. 10.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Fasteignanr.235-55816. Eigendaskipti.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfullrúa.*

*2.13 Tjarnavellir 3, Hafnarfjörður – hótel og veitingastaður*

Lögð fram umsókn Eiríks Hilmarssonar f.h. H. Vellir ehf., kt. 690421-1860 dags. 03.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hótel og veitingastað að Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði.
Fasteignanr. 2292050. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

Kópavogur

*2.14 Björtusalir 8, Kópavogur– dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigmars Inga Sigurðssonar f.h. Don Raphael ehf., kt. 700421-1710 dags. 30.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili að Björtusölum 8, Kópavogi.
Fasteignanr. 2242114. Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.15 Dalsmári 13, Kópavogur – íþróttahús /veitingar*

Lögð fram umsókn Jónasar Páls Björnssonar, f.h. Tennishallarinnar kt. 480306-0660 dags. 18.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingar að Dalsmára 13, Kópavogi.
Fasteignanr. 2292334. Viðbót við starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.16 Efstihjalli 4, Kópavogur – daggæsla*

Lögð fram umsókn Sigurbjargar Lindu Reynisdóttur, kt. 041059-3469, dags. 19.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir daggæslu á gæsluvelli að Efstahjalla 4, Kópavogi.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Fasteignanr. 2059729. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 04.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.05.2021.
Eftirlitsskýrsla dags. 18.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*2.17 Hamraborg 12, Kópavogur – sýningarsalur*

Lögð fram umsókn Olgu Lilju Ólafsdóttur og Sigurðar Atla Sigurðssonar, f.h. Y., kt. 290886-2609, dags. 12.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sýningarsal að Hamraborg 12, Kópavogi.
Fasteignanr. 2061414. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 19.05.2021.
Bréf sent byggingafulltrúa dags.18.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*2.18 Hafnarbraut 15C, Kópavogur - bakarí/veitingahús*

Lögð fram umsókn Davíðs Magnússonar, f.h. Brikk, Brauð útgerð ehf., kt. 570317-0830, dags. 04.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís/veitingastaðar að Hafnarbraut 15C, Kópavogi. Fasteignanr.2504810. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 26.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.19 Hlíðasmári 19, Kópavogur – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Brynju Bjarkar Harðardóttur, f.h. Tannprýði ehf., kt. 700321-2820 dags. 22.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Hlíðasmára 19, Kópavogi. Fasteignanr. 2235509. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.05.2021.
*Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.20 Hlíðasmári 19, Kópavogur – tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Elvu Bjarkar Sigurðardóttur, f.h. Tannbjörg ehf., kt. 680601-2160 dags. 22.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Hlíðasmára 19, Kópavogi. Fasteignanr. 2235509. Ný starfsemi/breyting á húsnæði.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 03.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.06.2021.
*Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.21 Kársnesbraut 114, Kópavogur - hundasnyrtistofa*

Lögð fram umsókn Gísla Hrafns Þórarinssonar, f.h. Hundahúsið sf., kt. 500919-0270, dags. 20.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hundasnyrtistofu að Kársnesbraut 114, Kópavogi. Fasteignanr.2063173. Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.05.2021.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykkta notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.22 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla/bar*

Lögð fram umsókn Hlyns Árnasonar, f.h. Bölgerðin ehf., kt. 650320-0180 dags. 11.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðsla og sölu bjórs að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 26.08.2030 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.23 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Habib lobbad, f.h. in out catering ehf., kt. 630321-0500, dags. 13.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.19.05.2021.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.*

*2.24 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Rannveigar Ásgeirsdóttur, f.h. Minnsta kaffihúsið, kt. 080167-3939 dags. 17.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.25 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla*

Lögð fram umsókn Aurore Pelier Cady, kt. 301188-5799,f.h. Sweet Aurora Reykjavík, dags. 23.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.
Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.
*Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032 að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.26 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – snyrtistofa*

Lögð fram umsókn Vikki Quynh Le, f.h. 101 Spa ehf., kt. 590219-2230, dags. 14.05.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir snyrtistofu að Nýbýlavegi 14, Kópavogi.
Ný starfsemi.
Bréf sent byggingafulltrúa dags. 18.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.05.2021.
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.27 Stórihjalli 2, Kópavogur – bensínstöð*

Lögð fram umsókn N1 ehf., kt. 411003-3370, dags. 19.04.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Stórahjalla 2, Kópavogi.
Fasteignanr. 2065359. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.05.2021.
*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*2.28 Vallargerði 26, Kópavogur - sambýli*

Lögð fram umsókn Guðlaugar Ósk Gísladóttir, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 05.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sambýlis að Vallargerði 26, Kópavogi. Fasteignanr.2065799. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 08.04.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.05.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.05.2021.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*2.29 Vegagerð, Suðurlandsvegur frá Fossvöllum og Lögbergsbrekku*

Lögð fram umsókn Vegagerðinni, kt.680269-2899, dags. 27.05.2021, þar sem sótt er um leyfi til framkvæmda við vegagerð frá Fossvöllum að Lögbergsbrekku.

Framkvæmdin mun fara fram á viðkvæmu svæði innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins. Þeir sem áforma framkvæmdir á vatnsverndarsvæði þurfa að leggja fram áhættugreiningu áður en þeir fá starfsleyfi til framkvæmda.

*Heilbrigðisnefnd samþykkir að fela framkvæmdastjóra að veita Vegagerðinni starfsleyfi með tilheyrandi skilyrðum til tvöföldunar á Suðurlandsvegi um Lækjarbotna, með þeim fyrirvara að heilbrigðiseftirlitið hafi áður samþykkt áhættumat Vegagerðarinnar.*

Umsagnir/rekstrarleyfi

Garðabær

*3.1. Garðatorg 4, Garðabær - kaffihús, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.04.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Te & kaffi., kt. 530484-0179, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, að Garðatorgi 4c, Garðabæ. fnr.2351679

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 26.04.2021.*

*3.2. Hliðsvegur 1, Garðabær - veitingahús, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.05.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Landnám ehf., kt. 640295-2529, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Hliðsvegi 1, Garðabæ.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.05.2021.*

Hafnarfjörður

*3.3. Reykjavíkurvegur 72, Hafnarfjörður - hótel, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.05.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hótel Hraun, (Salomon Gustavson ehf)., kt. 470617-1440, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. IV, að Reykjavíkurvegi 72, Hafnarfirði

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.05.2021.*

*3.4. Víkingastræti 1-3, Hafnarfjörður - veitingahús, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.05.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjörukráin ehf., kt. 630490-1119, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingar í fl. II, að Víkingastræti 1-3, Hafnarfirði



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.08.2020.*

*3.5. Víkingastræti 1-3, Hafnarfjörður - hótel, rekstrarleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.05.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fjörukráin ehf., kt. 630490-1119, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir hótel, veitingar í fl. III, að Víkingastræti 1-3, Hafnarfirði
*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.08.2020.*

## Kópavogur

*3.6. Borgarholtsbraut 19, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.05.2021, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kársnes ehf., kt. 560119-2830, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomu á útisvæði að Borgarholtsbraut 19 þann 04.06.2021 – 05.06.2021 frá kl. 17.00 – 23.59.
*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags.01.03.2021.*

## Tóbaksleyfi

*4.1. Hafnarfjarðarvegur 1, Garðabær – bensínstöð*

Lögð fram umsókn fyrir Olís, kt. 500269-3249, dags. 04.05.2021 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Olís Garðabæ, Hafnarfjarðarvegi 1, Garðabæ. Eftirlitsskýrsla dags. 11.05.2021.
*Heilbrigðisnefnd staðfestir leyfisveitinguna.*

## Fundargerðir

*5.1. Fundargerð vorfundar MAST og HER*

Lögð fram fundargerð vorfundar MAST og HER sem fram fór 11. maí 2021. Yfirskrift fundarins var „Nýting aukaafurða með tillti til heilbrigði manna og dýra – leiðin til framtíðar.

*5.2. Fundargerðir Matvælahóps*

Lögð fram fundargerð matvælahóps frá 12.04.2021.
Lögð fram fundargerð matvælahóps frá 10.05.2021.

*5.3. Fundargerð Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.*

Lög fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.05.2021.

## Annað

*6.1. Bruni í Heiðmörk og hættustig almannavarna vegna gróðurelda*

Lýst var yfir hættustigi almannavarna vegna hættu á gróðureldum á suðvestur horninu. Þann 4. maí var slökkviliðið kallað út vegna gróðurelda í Heiðmörk. Eldurinn varð umfangsmikill mjög fljótt og er áætlað að um 60 hektara hafi brunnið. Eldarnir voru á mjög viðkvæmum stað, á og við brunnsvæði vatnsverndar og innan við 1000 metrar að mannvirkjum Vatnsveitu Kópavogs og Veitna í Vatnsendakrikum. Slökkviðliðinu tókst að ráða niðurlögum eldsins eftir rúmlega 8 klukkustunda baráttu við eldinn.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Almannavarnir boðuðu til fundar með hagaðilum á svæðinu þann 18.05.2021 þar sem farið var yfir ýmis atriði sem tengjast brunanum s.s. hvort huga þurfi gerð viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda inná vatnsverndarsvæðum.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir hugmyndir um að þegar í stað verði lögð vinna í að gerð verði viðbragðsáætlun þar sem skilgreindar eru helstu áhættur á svæðinu og hvernig skuli hagað aðgerðum til að lágmarka hættu á óhöppum eða mengunarslysum á vatnsverndarsvæðinu. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu ásamt öðrum hagaðilum með það að markmiði að hægt verði að kynna viðbragðsáætlun eigi síðar en 1. janúar 2022.*

Linda Hrönn Þórisdóttir

Jón Haukur Ingvason

Sigurður Grétarsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Elínbjörg Ingólfsdóttir



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026